

Fimmtudaginn 20. janúar 1994.

Nr. 321/1991.

Sindri Steingrímsson

(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

Útgerðarfélaginu Barðanum hf.

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Vinnusamningur. Sjómannalög. Veikindaforföll.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein, Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari, og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júlí 1991, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. sama mánaðar. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 80.784 krónur með dráttarvöxtum. Þá krefst hann málskostnaðar og dráttarvaxta af honum.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fallist er á þá niðurstöðu héraðsdómara, að ekki hafi verið í ljós leitt, að áfrýjandi hafi, er hann réðst í skiprúm hjá stefnda, vísitandi leynt sjúkdómi sínum, sbr. 4. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Pegar litið er til málsatvika í heild og aðdraganda þess, að áfrýjandi fór í hjartaþræðingu í febrúar 1989, þykir og bera að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að áfrýjandi hafi ekki af þeim sökum verið óvinnufar vegna veikinda í skilningi 36. gr. sjómannalaga.

Samkvæmt framansögðu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Kópavogs 17. október 1990.

Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 13. júní 1990, af hálfu Sindra Steingrímssonar, kt. 160369-4509, Kambahrauni 16, Hveragerði, á hendur Útgerðarfélaginu Barðanum hf., kt. 660279-0249, Hafnarbraut 17-19, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 80.784,00 með dráttarvöxtum, sem Seðlabanki Íslands ákveður skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga, frá 01.03. 1989 til greiðsludags. Þá er þess krafist að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti í fyrsta skipti 01.03. 1990, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987. Þá er krafist málskostnaðar [. . .].

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir eru þeir að þann 23. 11. 1988 réð stefnandi sig á bát stefnda, ms. Ljósfara HF 182. Áður en til þeirrar ráðningar kom, hafði stefnandi um nokkurt skeið fundið fyrir verkjum í brjósti. Af þessum sökum hafi stefnandi leitað læknis og farið tvisvar í skoðun, hina fyrri 19. 11. 1988 og hina síðari tveimur dögum síðar.

Komið hafi í ljós í þessum rannsóknum að hjartalínurit væri afbrigðilegt. Læknirinn hafi tjáð stefnanda að hann teldi að stefnandi væri með tvískipta loku. Samt hafi stefnandi enga skýringu fengið á þeim verk sem hann hafði í hjartastað og hafi raunar enn. Stefnandi segir að ekki hafi verið rætt um frekari rannsóknir. Þó hafi komið fram að læknirinn hafi viljað hafa samráð við annan lækni og fá hans álit.

Það hafi svo verið tveim dögum eftir síðari rannsóknina að stefnandi réð sig á skip stefnda. Er stefnandi kom í land úr fyrstu veiðiferð sinni kveður hann að læknir sá, sem séð hafði um fyrri rannsóknir, hafi haft samband við sig og sér hafi verið tjáð, að þörf væri á frekari rannsókn, þ.e. hjartaþræðingu. Ekki hafi verið ákveðinn tími fyrir þá rannsókn. Aðilar eru sammála um að stefnandi hafi tilkynnt skipstjóra skipsins þetta áður en haldið var í næstu veiðiferð.

Það hafi svo verið í janúar 1989 að stefnandi hafi tilkynnt skipstjóra skipsins að umrædd rannsókn færi fram í byrjun febrúar sama ár. Stefnandi hafi fengið frí frá 31. janúar 1989 og hjartaþræðing verið gerð eftir innlögn á Landspítalann 3. febrúar s.á. Að læknisráði hafi stefnandi verið frá vinnu fram til loka febrúarmánaðar 1989, sbr. yfirlýsingu læknis. Stefnanda hafi verið neitað um greiðslu veikindalauna fyrir þennan tíma. Krafa stefnanda hljóðar upp á kr. 80.784,00 og er fjárhæðinni ekki mótmælt sem slíkri.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst reisa kröfu sína um laun fyrir tímabilið 1. febrúar 1989 til 1. mars 1989 á 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 og grein 1.14 í kjarasamningi milli Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna frá 1987. Krafan um hlífðarfatapeninga styðjist við grein 1.04 í ofangreindum kjarasamningi. Um orlof vísist til laga nr. 30/1987 og greinar 1.18 í ofangreindum kjarasamningi. Um vaxtakröfu vísar stefnandi til ákvæða vaxtalaga nr. 25/1987, einkum 10. og 12. gr. Kröfu sína um málskostnað byggir stefnandi á 1. mgr. 177. gr. einkamálalaga nr. 85/1936.

Sundurliðun stefnukröfu:

Veikindalaun 01.02.–01.03. 1989

Aflamagn	kr.	71.335 kg
Aflaverðmæti	kr.	4.075.381,00
Skiptaverðmæti	kr.	3.097.290,00
Skiptahlutfall		35,10%
Skráningard.		15
Fjöldi		15

Hásetahlutur	kr.	72.477,00
Hlífðarfatapeningar 15 daga	kr.	850,00
Samtals	kr.	73.327,00
10,17% orlof	kr.	7.457,00
Samtals	kr.	80.784,00

sem sé stefnufjárhæð máls þessa.

Málsástæður sínar kveður stefnandi vera þær að stefnandi, Sindri Steingrímsson, hafi eigi vitað um, er hann réð sig á skip stefnda, að hann þyrfti síðar að fá frí vegna frekari rannsókna, enda hafi læknir sá, er annaðist fyrri rannsóknir, eigi tjáð stefnanda neitt um frekari rannsóknir. Stefnandi hafi ekki haft ástæðu til að ætla að frekari rannsókna væri þörf. Því eigi ákvæði 4. mgr. 36. gr. laga nr. 35/1985 um vísitandi leynd ekki við hér. Stefnandi hafi, þegar hann vissi, að frekari rannsókn, þ.e. hjartaþræðing, þyrfti að fara fram, tilkynnt stefnda það. Er þeirri málsástæðu stefnda, að um vísitandi leynd við ráðningu hafi verið að ræða, algerlega vísað á bug. Varðandi hugtakið óvinnufærni í skilningi sjómannalaga vill stefnandi taka fram að í bókinni Ansættelsesret eftir Ole Hasselbach komi fram að um óvinnufærni

sé að ræða þegar starfsmaður getur alls ekki sinnt starfi sínu sem afleiðingu af sjúkdómi. Í þessu tilviki hafi verið um slíka óvinnufærni að ræða. Nauðsynlegt hafi verið fyrir stefnanda að fá úr því skorið hvort og þá hvaða sjúkdóm hann hefði við hjartað. Stefnandi vill sérstaklega taka fram að þeir héraðsdómar, sem stefndi vísar til, eigi ekki við hér. Þar hafi verið um að ræða aðgerðir til að bæta úr afleiðingum þess sjúkdóms sem vitað var að stefnendur voru haldnir (sic). Í þessu máli sé hins vegar um að ræða nauðsynlega aðgerð til að ákvarða sjúkdóm hjá stefnanda. Þess vegna sé stefnandi óvinnufær frá því hann leggst inn til hjartapræðingar og þangað til lækniir heimilar honum að hefja vinnu að nýju.

Stefnandi mótmælir algerlega þeim hugleiðingum, sem koma fram á dóm skjali 15, vegna þess að ekki verði séð á því, á hverju þær séu reistar og mótmælir einnig hugleiðingum um að hjartapræðing standi í sambandi við atvinnuflugmannspróf. Hugleiðingar þar um dugi ekki til að fá framkvæmda hjartapræðingu, enda sé slík rannsókn einungis gerð af brýnni nauðsyn. Stefnandi mótmælir einnig því sem kemur fram á dóm skjali 6 enda sé það eingöngu hugmynd skipstjóra.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi kveðst byggja sýknukröfu sína á 4. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 og 1. mgr. 36. gr. sl.

Málsástæður sínar kveður stefndi vera þær að stefnandi hafi ekki skýrt frá því, er hann réð sig á skip stefnda, að hann hafi fundið fyrir verkjum í u. þ. b. þrjá mánuði fyrir ráðninguna. Einnig hafi stefnandi ekki skýrt frá því að hann hafði leitað læknis og farið í tvær rannsóknir og að frekari rannsóknir væru í gangi. Stefnandi hafi ekki skýrt frá þessu, jafnvel þótt honum hafi mátt vera ljóst að hann gekk ekki heill til skógar við ráðningu. Því eigi 4. mgr. 36. gr. sjóml. við hér.

Í málflutningi sínum byggði stefndi aðallega á því að stefnandi hefði eigi verið óvinnufær í skilningi 1. mgr. 36. gr. sjóml., þegar hann lagðist inn til hjartapræðingar, jafnvel þótt hann yrði óvinnufær eftir að hjartapræðing fór fram.

Stefndi telur ljóst að hjartapræðing hafi verið framkvæmd fyrst og fremst vegna flugmannsprófs. Vísar hann þar um til dóm skjals 6 og dóm skjals 15. Stefnandi tekur fullt mark á því, sem fram kemur hjá læknum á dóm skjali 15.

Stefndi vísar í fjóra héraðsdóma um óvinnufærni. Í þessu tilviki hafi einungis verið um að ræða rannsókn og því hafi stefnandi ekki verið óvinnufær í skilningi sjóml., þegar hann lagðist inn til rannsóknar.

Stefndi vísar í Dagpengeloven eftir Ole Hasselbach, þar sem kemur

fram, að launþegi verði að vera ófær til að sinna nokkru því starfi, sem liggir innan starfssviðs hans samkv. ráðningarsamningi.

Stefndi telur, að rannsókn, hversu nauðsynleg sem hún sé, verði þess ekki valdandi, að starfsmaður sé óvinnufær. Ekki sé um það deilt að stefnandi hafi getað sinnt starfi sínu, þegar hann tók sér frí til að fara í hjartaþræðingu. Nú á dögum sé hjartaþræðing ekki óalgeng rannsókn. Allt þetta telur stefndi sýna, svo að ekki verði um það deilt, að stefndi hafi verið vinnufær í skilningi sjóml. þegar hann lagðist inn til hjartaþræðingar. En því er ekki mótmælt að stefnandi hafi orðið óvinnufær eftir þræðinguna. Það leiði hins vegar ekki til þess, að stefndi greiði veikindalaun.

Niðurstöður.

Það liggur fyrir í máli þessu og ekki er um það deilt að stefnandi málsins fór í hjartaþræðingu í byrjun febrúar og var frá vinnu til loka febrúarmánaðar. Ekki er heldur deilt um þá fjárhæð sem er stefnufjárhæð í máli þessu. Stefnandi byggir kröfu sína um laun á þessu tímabili, þ.e. frá 1. febrúar til 1. mars 1989, á 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, þar sem m.a. kemur fram að ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann verður fyrir, meðan á ráðningartíma stendur skuli hann eigi missa neins í af launum sínum, meðan hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum. Stefnandi byggir sýknukröfu sína annars vegar á 4. mgr. 36. gr. sjóml., þar sem kemur fram m. a., að skipverji eigi ekki rétt á kaupum þann tíma sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms sem hann hefur leynt vísitandi við ráðningu sína. Hins vegar byggir stefndi á því að stefnandi hafi ekki verið óvinnufær í skilningi 1. mgr. 36. gr. sjóml. þegar hann fór í hjartaþræðingu þótt hann hafi orðið óvinnufær eftir aðgerðina.

Varðandi fyrri málsástæðu stefnda um leyndina verður ekki séð af gögnum málsins að stefnandi hafi við ráðningu sína leynt stefnda slíkum upplýsingum að hann glati rétti til að heimta laun fyrir umkrafið tímabil. Verður ekki séð að stefnandi hafi mátt ætla að frekari rannsókna yrði þörf, og að læknirinn hafi ekki gefið honum tilefni til að ætla slíkt. Að sama skapi verður að telja að verður sá, sem stefnandi hafði fyrir brjósti, hafi ekki gefið honum ástæðu til að ætla að hefði áhrif á ráðningu hans hjá stefnda. Verður þar að taka tillit til aldurs stefnanda. Ef um eldri mann hefði verið að ræða ættu hugsanlega önnur sjónarmið við. Auk þess liggur fyrir að stefnandi tilkynnti skipstjóra skipsins um að frekari rannsókna yrði þörf, strax og hann fékk veður af því hjá lækni sínum. Gat stefndi þá þegar gripið til þeirrar aðgerða, sem hann taldi nauðsynlegar vegna þessa. Verður því að telja að skilyrði 4. mgr. 36. gr. sjóml. um vísitandi leynd eigi ekki við hér.

Varðandi seinni málsástæðu stefnda, þ. e., að stefnandi hafi ekki verið

óvinnufær í skilningi sjóml., er ljóst að stefnandi var í starfi hjá stefnda, þegar hann óskaði eftir að fá frí til að gangast undir hjartaþræðingu, og sinnti starfi sínu af fullum krafti allt fram á síðasta dag. Ekkert liggur fyrir um það að hann hefði ekki getað sinnt því áfram þótt hann hefði ekki farið í slíka rannsókn. Verður að telja að stefnandi hafi ekki verið óvinnufær í skilningi sjóml. þegar hann undirgekkst rannsóknina. Jafnvel þótt rannsókn sem slík sé bráðnauðsynleg gerir það menn ekki óvinnufæra í þeim skilningi að þeir geti ekki sinnt því starfi, sem þeir eru ráðnir til að sinna.

Verður því að sýkna stefnda af kröfu stefnanda um laun fyrir tímabilið frá 1. febrúar 1989 til 1. mars s. á.

Málskostnaður skal falla niður.

Dóminn kvað upp Ólafur Helgi Árnason fulltrúi.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Útgerðarfélagið Barðinn hf., kt. 660279–0249, Hafnarbraut 17–19, Kópavogi, er sýknað af kröfu stefnanda, Sindra Steingrímssonar, kt. 160369–4509, Kambahrauni 16, Hveragerði.

Málskostnaður fellur niður.
